

## **Skólaráðsfundur 10. október 2019**

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Valtýr Ferrel og Róbert Mar Jónsson fulltrúar nemenda, Sigríður Þrúður Stefánsson og Anna Rós Sigmundsdóttir fulltrúar foreldra, Helga Ágústsdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúar kennara,

### **1. Fundir skólaársins**

10. okt., 29. nóv., 9. jan., 13. mars og 11. maí

Boðað verður til fleiri funda ef þörf krefur. Einn fundur er opin skólaráðsfundur og tímasetning hans er ákveðin í samstarfi við foreldrafélagið.

### **2. Starfsáætlun ráðsins**

Október – áætlun fjölda funda og starfsáætlun

Nóvember – farið yfir niðurstöður kannanna

Janúar – skoðun áætlanir skólans sérstaklega

Mars – skóladagatal og rekstaruppgjör fyrir árið 2018 – 2019

Maí – skipulag næsta skólaárs

### **3. Fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði**

Tilnefndir:

Örn Guðmundsson hefur gefið kost á sér og skólaráð samþykkir hann sem fulltrúa grenndarsamfélagsins.

### **4. Starfsáætlun skólans 2019 – 2020**

Spurningum svarað og athugasemdir skráðar.

Skólaráð skrifar undir starfsáætlun.

### **5. Skólabyrjun**

Nemendur eru 594 í dag. Kennarar 56 og af þeim eru 4 leiðbeinendur sem allir eru í kennaranámi.

Nefndir í ár eru:

- Grænafránafnd
- Viðburðarnefnd
- Spjaldtölvunefnd

- Öryggisnefnd
- Skemmtinefnd
- Nefnd um innra mat
- Vinaliðanefnd

Skólastjóri fer yfir hlutverk og helstu verkefni nefnda. Fulltrúi foreldra í skólaráði, Sigríður Þrúður, verður fulltrúi foreldra í nefnd um innra mat.

Skólaþróunarverkefnið í öndvegi er teymiskennsla, nú í 1. og 7. bekk og á elsta stigi og þema á elsta stigi. Fulltrúar nemenda segja nýtt fyrirkomulag á þema betri en í fyrravetur, að deila því á tvo daga í stað eins.

Umræður um teymiskennslu, tengsl umsjónarkennara og nemenda þegar fleiri en einn umsjónarkennari er með bekk og nemendaviðtöl á elsta stigi.

## 6. Húsnæðismál

Hvar erum við stödd í hönnun og framkvæmd?

Skólastjóri sýnir og útskýrir teikningar af skólabyggingunni sem er hönnuð út frá teymiskennslu.

Breytingar frá síðasta skólaráðsfundi er 3ja hæðin sem bætt var við bygginguna.

## 7. Önnur mál

- Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember
  - o Elstu nemendur skólans sækja leikskólanemendur hverfisins og allir safnast saman á Rútstúni og taka þátt í dagskrá.
- Öryggismál
  - o Rætt meðal skólastjóra í Kópavogi og verður rætt áfram á menntasviði og meðal annarra í stjórnslu. Menntasvið Kópavogsbæjar ætlar að útbúa merkt auðkennisspjöld fyrir alla starfsmenn skólans fyrir lok skólaárs. Skoða þarf gestaspjöld þannig að t.d. verktakar og aðrir sem koma að vinna í skólanum tímabundið, þurfi að gefa sig fram við skrifstofu og fá þar gestapassa.
- Okkar Kópavogur
  - o Íbúafundur Kársness 15. október hér í skólanum. Gott að vekja athygli á að íþróttahús hverfisins er lítið og þjónar ekki nægilega vel þörfum íbúa hverfisins, þ.e. skólastarfi og íbúum sem vilja nýta aðstöðuna til að efla hreyfingu í heilsueflandi samfélagi.
  - o Sundlaugar of fáar í Kópavogi og anna ekki skólasundi.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
  - o 20. nóvember er 30 ára afmæli barnasáttmálans, hér er verið að undirbúa vinnu í tilefni þess
- Heimsmarkmiðin og vinna í kringum þau
  - o Allir árgangar að vinna eitthvað með heimsmarkmiðin
  - o Nemendur fara yfir hvernig unnin var með þau í þema
  - o Verið að endurskrifa söguramma yngsta stigs og þar eru hm tekin inn
  - o Mikið fjallað um þau og unnið með þau í sögurömmum á miðstigi
  - o Kennarar eiga eftir að kortleggja vel hvað er verið að vinna með þau og hvernig
- Tengslakönnun

- verður höfð til hliðsjónar í hópaskiptum á elsta stigi í nóvember
- Foreldrafélagið
  - ánægja með góð samskipti og samvinnu við starfsfólk og félagsmiðstöð

Skólastjóri hvetur meðlimi skólaráðs til að senda Björgu erindi fyrir ráðið.

Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

skráir fundargerð